

Fundargerð

166. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins

Þriðjudaginn 24. apríl 2012 kl. 12⁰⁰–14⁰⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS)
Ögmundur Einarsson (ÖE) Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ)
Halldór Haraldsson (HH)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Drög að ársreikningi 2011
- (3) Rekstaráætlun 2012 og 2013
- (4) Rekstur 2011
- (5) Þjónustuaðili
- (6) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (165. fundar).

2. Drög að ársreikningi 2011

Lögð voru fram á fundinum drög að ársreikningi fyrir árið 2011 ásamt vöruflökkatöflu í sér skrá. ÓK fór yfir helstu niðurstöður. Hann fór séstaklega yfir sértekjur Úrvinnslusjóðs vegna vinnu fyrir stýrinefnd. ÓK fór yfir rekstrareikning og frádráttarliði sbr. leysiefni í innlendri framleiðslu og endurgreiðslu vegna meðhöndlunar á prentlitum. Farið var yfir efnahagsreikning. Farið var yfir sjóðstreymi. Farið var yfir skýringar. Rætt var m.a. um lífeyrisskuldbindingar, meðhöndlun úrvinnslugjalds sem skattur, sértekjur ofl. Stefnt er að því að samþykkja ársreikning á næsta fundi stjórnar ÚS. ÓK fór yfir vöruflökkatöflu fyrir árið 2011. Rætt var um niðurstöðu í flokki pappa- og plastumbúða.

3. Rekstaráætlun 2012 og 2013

Drög að rekstraráætlun fyrir árin 2012 og 2013 var lögð fram á fundinum sem ÓK fór yfir. Lagt var fram smámyndayfirlit um rekstur vöruflökka og rekstrarniðurstöðu til ársins 2013. Stjórn mun ræða síðar hvort þörf sé á breytingu á úrvinnslugjaldi og flutningagreiðslum. GGJ yfirgaf fund kl. 13:30.

4. Rekstur 2011

Lagt fram smámyndayfirlit um rekstur janúar til mars á yfirstandandi ári ásamt rekstri ársins 2011 og áætlun fyrir rekstur ársins 2012 í heild.

5. Þjónustuaðili

Lögð var fram umsókn bónda, Margrétar Eggertsdóttur, kt. 040853-7669, Köldukinn, Rangárþingi ytra, um skil á heyrúlluplasti beint til ráðstöfunaraðila.

Umsókn samþykkt.

6. Önnur mál

Lögð var fram á fundinum kynning frá Náttúran.is. Náttúran.is hefur frá árinu 2009 gefið út og sett á vef sinn Endurvinnslukort (sjá fylgigögn).

Stjórn samþykkt var að kaupa þjónustu af Náttúran.is til að fá afnot af heimasíðu Náttúran.is vegna Endurvinnslukorts með beinni tengingu af heimasíðu Úrvinnslusjóðs.

Stjórn ræddi um uppgjör vegna Stýrinesfndar.

Ögmundur Einarssona sat sinn síðasta fund í stjórn Úrvinnslusjóðs. GGP þakkaði Ögmundi Einarssyni fyrir hönd stjórnar Úrvinnslusjóðs fyrir starf hans í stjórn Úrvinnslusjóðs sem og í Stýrinesfnd.

Næsti fundur ákveðinn 8.maí 2012.

Fundi slitið kl 14:00

Dreifing: stjórn Úrvinnslusjóðs og á vefsíðu Úrvinnslusjóðs